

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 mánudaginn 17. mars 2025, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Sara Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir mætti á fundinn í stað Katrínar M. Guðjónsdóttur.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður setti fund og fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Flugmál

Hjalti gerði grein fyrir stöðu mála í Flugklasnum:

- Fram undan er FAM ferð frá Bretlandi með 7 agenta frá breskum söluaðilum í lok mars.
- Vinnustofur verða haldnar í London og Manchester 2. og 3. apríl n.k. þar sem fyrirtæki frá Norður- og Austurlandi kynna sínar vörur fyrir breskum ferðaskrifstofum.
- Hjalti átti fund með Ícelandair, þar sem hann fór yfir möguleg tækifæri Ícelandair í að auka flug um Akureyrarflugvöll, bæði með beinu millilandaflugi og tengiflugi við Keflavík.
- Flugklasinn er að vinna drög að tillögu um breytingu á reglum Flugþróunarsjóðs, þannig að sjóðnum sé kleift að bjóða framhaldsstuðning eftir að hefðbundnum þriggja ára stuðningstíma lýkur.
- MN hefur boðað til fundar með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi í byrjun apríl til að ræða fyrirkomulag fjármögnunar Flugklasans og áherslur í starfi.

Umræður í stjórn um mikilvægi þess að Flugþróunarsjóður sé vel fjármagnaður til lengri tíma og að uppbygging á Akureyrarflugvelli haldi áfram. Örn og Tómas, sem báðir reka gististaði á Norðurlandi vestra, sögðust finna verulega fyrir umferð farþega sem hafa komið með beinu millilandaflugi til Akureyrar. Áhrif flugsins séu þannig ótvíræð og mikil tækifæri liggi í því að ná betur til þessara farþega.

Þorbjörg vék af fundi kl. 10:55

2 Siðareglur

Framkvæmdastjóri lagði fram fyrstu drög að siðareglum fyrir samstarfsfyrirtæki MN. Markaðsstofur landshlutanna hafa unnið sameiginlega að grunni fyrir siðareglur og eru þessi drög byggð á þeim grunni.

Lagt fram til kynningar.

3 Undirbúningur aðalfundar

Stefnt er því að halda aðalfund um mánaðamótin maí-júní í Mývatnssveit.

4 Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10

Fundarritari HPP